

Nd.

214. Frumvarp til laga

um sérstaka dómþinghá í Djúpárhreppi í Rangárvallasýslu.

Flm.: Jón Ólafsson.

1. gr.

Djúpárhreppur í Rangárvallasýslu skal vera sérstök dómþinghá, með þingstað í Þykkvabæ.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni sýslumannsins í Rangárvallasýslu, og er hin sérstaka ástæða til þess sú, að um síðustu áramót var hinum forna Ása-hreppi skipt í tvo hreppa, þannig að Þykkvibær með Bjóluhverfi og Háfshverfi mynduðu sérstakt hreppsfélag (Djúpárhrepp), og er aðalmannfjöldi þessa hrepps í Þykkvabæ. Virðist því einsætt að þingið verði við tilmælum sýslumanns.